

Staðsetning skólpdælustöðva:

Settar verða niður tvær forsmíðaðar skólpdælustöðvar, sem verða neðanjarðar í norðausturhorni Sjafnargötu, Akureyri, og norðan núverandi rotþróar sem er austan við opið svæði milli Skógarhlíðar 14 og 16 í Lónsbakkahverfi, Hörgársveit. Ofanjarðar við stöðvarnar verður götukassi með stýringum og útlöfunarrör.

Stöðin við Sjafnargötu tekur við skólpi frá skilgreindu iðnaðarsvæði AT8 skv. aðalskipulagi Akureyrar. Uppgefin stærð er 7,1 ha en lóðir eru um 5 ha.

Stöðin austan Skógarhlíðar tekur við skólpi frá núverandi íbúðarbyggð og athafnasvæði. Ný íbúðarbyggð vestan Birkihlíðar og kjötvinnsla B.Jensen við Lónsveg munu einnig tengjast við lagnakerfið og að dælustöðinni.

Skólpdælugagnir:

Gert er ráð fyrir að dælt sé í sameiginlega dælugagn. Lögn frá dælustöð austan Skógarhlíðar verði peh180 að tengingu sem kemur úr skólpdælustöð við Sjafnargötu. Sameiginleg dælugagn verði peh225 og mun annað hvort liggja meðfram Sjafnargötu að brunni við Síðubraut eða fara meðfram DN500 aðveituaðinni og enda í brunni suðvestan hringtorgs.

Fyrirsjáanlegt er að ekki verður komið fullt álag á dælustöðvar þegar þær rísa. Þannig verður nýtt hverfi vestan Birkihlíðar (Reynihlíð og Víðihlíð) ekki fullbyggt og tengt verður við kjötvinnslu B.Jensen við Lónsveg síðar. Sjafnargata er einnig að mestu óbyggð.

Fyrst í stað er því gera ráð fyrir að dælustöð í Sjafnargötu dæli í núverandi PEH110 lögn og dælustöð austan Skógarhlíðar verði annað hvort líka tengd við þá lögn eða að hún dæli í þró við Sjafnargötuna og dælt þaðan áfram upp í brunn við Síðubraut.

Almennt er lögnin á um 1,5m dýpi, breytilegt efir aðstæðum.

Ný aðveituað hitaveitu frá Hjalteyri:

Leggja á nýja ST500/710 hitaveitulögn frá Hjalteyri til Akureyrar og mun lögnin tengjast rétt norðan Hlíðarbrautar við ST500/710 lögn sem lögð var sumarið 2018. Lögnin á þessum kafla er síðasti af þremur hlutum lagnarinnar og má búast við að hún komi í fyrsta lagi 2021, trúlega síðar.

Almennt er lögnin á um 1,8m dýpi, breytilegt efir aðstæðum.

Lagnaleið austan Skógarhlíðar:

Áætlaðir Vegagerðar um breytingar á Hringvegi austan Skógarhlíðar eru ráðandi um staðsetningu lagna. Gert er ráð fyrir að ef vegurinn verður á núverandi stað verði vegþversnið B_{17,5m} en breidd vegstæðis er þá alls 17,5m. Gert er ráð fyrir að vestan vegar verði vegskurður og öryggissvæði að fyrirhuguðum göngustíg. Með vegrið mætti færa göngustíg nær vegi.

Helgunarsvæði Hringvegarins er 60m þ.e. 30m til hvorrar handar.

Frá skólpdælustöð austan Skógarhlíðar er farið um lóð AK smíði vestan raðar af hávöxnum öspum en á syðri hluta er farið nær núverandi lóðarmörkum. Hitaveitulögnin á þeim kafla er vestan vegskurðar.

Sunnan lóðar AK og að Lónsá er farið um eignarlóðir að hluta.

Tenging Sjafnargötu við Lónsveg:

Í deiliskipulagi Akureyrarbæjar fyrir Sjafnargötu er gert ráð fyrir að tenging komi NA-horni Sjafnargötu við Lónsveg. Í deiliskipulagi fyrir Lónsbakkahverfi Hörgársveit er einnig gert ráð fyrir slíkrri tengingu.

Gert er ráð fyrir að lagnir komi um þessa tengingu og sýnt er hvernig slík tenging ásamt fyllingum gæti litið út.

Meðfram Sjafnargötu:

Lagnir eru samhliða suður fyrir skólpdælustöðina en þar er gert ráð fyrir að þær greinist. Skólpdælugagnin fari meðfram Sjafnargötu að brunni við Síðubraut en Hjalteyralögnin fari til austur að Hringvegi. Hitaveitulögnin er 0,5m stállögn sem einungis er hægt að sveigja í boga R>254m. Lögnin fer innan veghelgunarsvæðis meðfram Hörgárbraut sunnan hringtorgs og hér sýnt að hún geri það einnig á um 250m kafla norðan þess.

Neyðaryfirföll:

Neyðaryfirföll verða við skólpdælustöðvarnar sem einnig verða notuð þegar stoppa þarf stöð vegna viðhalds.

Við Skógarhlíð verður tengt í núverandi lögn frá Ósonhreinisbúnaði sem endar í grjótpúkki norðaustan við Húsasmíðjuna.

Við Sjafnargötu verður lögð lögn frá inntaksbrunni við stöðina að austurenda ræsis í Lónsá og endar lögnin þar í grjótvörn.


Lagnir í vegstæði Sjafnargötu áður en hún er fullbyggð:



Fyrstu árin er aðeins um skólpdælugagnina að ræða.

Gert er ráð fyrir að ræsi verði sett í veginn (eða hluta hans) og fyllingar yfir það þannig að nægjanlegt dýpi fái fyrir skólpdælugagnina.

Áætlaður göngustígur milli Lónsvegar og Sjafnargötu (Hörgársveitar og Akureyrar) kæmi til bráðabirgða á þá fyllingu.

Akureyri 11. júní 2019
Magnús Magnússon



 www.no.is - sími: +354 460 1300	 www.verkis.is - sími: +354 422 8000	SAMPYKKT:	NORÐURORKA
		2 2019-06-11 Framkv.leyfi 2019 MM MM 1 2019-03-20 Kynningargögn MM MM	SKÓLPDÆLUGN SKÓGARHLÍÐ - SÍÐUBRAUT AÐVEITA FRÁ HJALTEYRI Yfirlitsmynd við Sjafnargötu og Skógarhlíð
ÚTG. DAGS SKYRINGAR TEIK. HANNT. RÝNT. SAMP.	VERKINGUR 04108 TEIKNING HSV.M01.001 2	<small>© Öll áhrif og allur ísköpur, að hluta eða í heild er höfð skilfraga leyfi höfundar</small>	